

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 574/2010

2011/EES/22/04

frá 30. júní 2010

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS-staðla) 1 og 7 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008 ⁽²⁾ voru innleiddir alþjóðlegir staðlar og túlkanir sem voru fyrir hendi 15. október 2008.
- 2) Hinn 28. janúar 2010 gaf Alþjóðareikningsskilaráðið (IASB) út breytingu á alþjóðlegum reikningsskilastaðli, IFRS-staðli 1: *Takmarkaðar undanþágur frá kröfum IFRS-staðals 7 um birtingu samanburðarhæfra upplýsinga við innleiðingu staðla*, hér á eftir nefnd „breyting á IFRS-staðli 1“. Þar eð einingar, sem beita IFRS-stöðlunum í fyrsta sinn, geta ekki nýtt undanþágur í IFRS-staðli 7 að því er varðar birtingu samanburðarupplýsinga um gangvirðismat og lausafjárahættu, ljúki þessum samanburðartímabilum fyrir 31. desember 2009, er markmið breytinganna á IFRS-staðli 1 að gera ráðstafanir til að þær einingar geti nýtt þennan möguleika.
- 3) Með samráði við hóp sérfræðinga (TEG) Evrópsku ráðgjafarnefndarinnar um reikningsskil (EFRAG) er það staðfest að breytingin á IFRS-staðli 1 uppfylli tæknilegu skilyrðin fyrir innleiðingu sem eru sett fram í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002. Endurskoðunarhópurinn um ráðgjöf um reikningsskilastaðla lagði mat á álit Evrópsku ráðgjafarnefndarinnar um reikningsskil (EFRAG) um stuðning við staðlana, í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/505/EB frá 14. júlí 2006 um skipun endurskoðunarhóps um ráðgjöf um reikningsskilastaðla til að ráðleggja framkvæmdastjórninni um hlutlægni og hlutleysi álita EFRAG ⁽³⁾ og tilkynnti framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna að álitid væri yfirvegað og hlutlægt.

4) Innleiðing breytingarinnar á IFRS-staðli 1 felur þess vegna í sér breytingar á IFRS-staðli 7 til að tryggja að samræmi sé á milli alþjóðlegra reikningsskilastaðla.

5) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1126/2008 til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stýringsnefndarinnar um reikningsskil.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1126/2008 er breytt sem hér segir:

Alþjóðlegum reikningsskilastaðli, IFRS-staðli 1, er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð,

IFRS-staðli 7 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Félög skulu beita breytingunum á IFRS-staðli 1 og IFRS-staðli 7, eins og þær eru settar fram í viðaukanum við þessa reglugerð, eigi síðar en frá og með upphafsdagsetningu fyrsta fjárhagsárs þeirra sem hefst eftir 30. júní 2010.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. júní 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 166, 1.7.2010, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 27/2011 frá 1. apríl 2011 um breytingu á XXII viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, (biður birtingar).

⁽¹⁾ Stjttíð. EB L 243, 11.9.2002, bls. 1.

⁽²⁾ Stjttíð. ESB L 320, 29.11.2008, bls. 1.

⁽³⁾ Stjttíð. ESB L 199, 21.7.2006, bls. 33.

VIÐAUKI

ALÞJÓÐLEGIR REIKNINGSSKILASTAÐLAR

IFRS-staðall 1	Breytingar á IFRS-staðli 1 <i>Takmarkaðar undanþágur frá kröfum IFRS-staðals 7 um birtingu samanburðarhæfra upplýsinga við innleiðingu staðla</i>
IFRS-staðall 7	Breyting á IFRS-staðli 7, <i>fjármálagerningar: upplýsingagjöf</i>

TAKMARKAÐAR UNÐANÞÁGUR FRÁ KRÖFUM IFRS-STAÐALS 7 UM BIRTINGU SAMANBURÐARHÆFRA UPPLÝSINGA VIÐ INNLEIÐINGU STAÐLA

(Breyting á IFRS-staðli 1)

Breyting á IFRS-staðli 1***Innleiðing alþjóðlegra reikningskilastaðla***

Lið 39C er bætt við.

GILDISTÖKUDAGUR

39C Með *Takmörkuðum undanþágum frá kröfum IFRS-staðals 7 um birtingu samanburðarhæfra upplýsinga við innleiðingu staðla*, (breyting á IFRS-staðli 1), sem voru gefnar út í janúar 2010, var bætt við lið E3. Eining skal beita þessari breytingu að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. júlí 2010 eða síðar. Heimilt er beita breytingunni fyrr. Ef eining beitir breytingunni að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

*Viðbætur E***Skammtímaundanþágur frá IFRS-stöðlum**

Nýrri fyrirsögn, lið E3 og neðanmálsgrein er bætt við.

Upplýsingar um fjármálagerninga

E3 Notandi, sem beitir stöðlunum í fyrsta sinn, getur beitt bráðabirgðaákvæðunum í lið 44G IFRS-staðals 7 (*).

(*) Lið E3 var bætt við vegna *Takmarkaðra undanþága frá kröfum IFRS-staðals 7 um birtingu samanburðarhæfra upplýsinga við innleiðingu staðla* (breytingar á IFRS-staðli 1) sem voru gefnar út í janúar 2010. Til að koma í veg fyrir hugsanlega notkun eftirhyggju og til að tryggja að notendur, sem beita stöðlunum í fyrsta sinn, séu ekki verr settir en notendur, sem nú þegar beita stöðlunum, ákvað ráðið að notendum, sem beita stöðlunum í fyrsta sinn, skuli heimilt að beita sömu bráðabirgðaákvæðum og þeir notendur sem nú þegar beita stöðlunum við reikningsskil í samræmi við IFRS-staðla og eru í *Bættri birtingu upplýsinga um fjármálagerninga* (breytingar á IFRS-staðli 7).

*Viðbætur***Breyting á IFRS-staðli 7*****Fjármálagerningar: upplýsingagjöf***

Lið 44G er breytt (nýr texti er undirstrikaður og texti sem hefur verið felldur brott er yfirstrikaður) og neðanmálsgrein bætt við.

GILDISTÖKUDAGUR OG BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI

44G Með *Bætt birtingu upplýsinga um fjármálagerninga* (breytingar á IFRS-staðli 7), sem gefin var út í mars 2009, er 27. og 39. lið og lið B11 bætt við og breytingar gerðar á liðum 27A, 27B, B10A og B11A–B11F. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2009 eða síðar. Eining þarf ekki að leggja fram upplýsingar sem breytingarnar krefjast að því er varðar:

- árs- eða árshlutauppgjör, þ.m.t. hvers konar efnahagsreikningur, sem sett er fram innan árlegs samanburðartímabils sem lýkur fyrir 31. desember 2009 eða
- hvers konar efnahagsreikning við upphaf fyrsta samanburðartímabils fyrir 31. desember 2009.

Heimilt er beita breytingunni fyrr. Ef eining beitir breytingunum að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því (*).

(*) Lið 44G var bætt við vegna *Takmarkaðra undanþága frá kröfum IFRS-staðals 7 um birtingu samanburðarhæfra upplýsinga við innleiðingu staðla* (breyting á IFRS-staðli 1) sem voru gefnar út í janúar 2010. Ráðið breytti lið 44G til þess að skýra ályktanir sínar og áætluð skipti vegna *Bættrar birtingu upplýsinga um fjármálagerninga* (breytingar á IFRS-staðli 7)